

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 165/2004

frá 3. desember 2004

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2004 frá 29. október 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003 frá 4. nóvember 2003 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar, sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1896/2000 ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/112/EB frá 1. desember 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virka efninu parakvati ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.
- 4) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/119/EB frá 5. desember 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE í því skyni að bæta við virku efnunum mesósúlfúroni, própoxýkarbasoni og soxamíði ⁽⁴⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði XV. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í lið 12o (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1896/2000):
„, eins og henni var breytt með:
- **32003 R 2032**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003 frá 4. nóvember 2003 (Stjtið. ESB L 307, 24.11.2003, bls. 1).“
2. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE):
„- **32003 L 0112**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/112/EB frá 1. desember 2003 (Stjtið. ESB L 321, 6.12.2003, bls. 32),

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 102, 21.4.2005, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 20, 21.4.2005, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 307, 24.11.2003, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 321, 6.12.2003, bls. 32.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 41.

- **32003 L 0119**: Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/119/EB frá 5. desember 2003 (Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 41).“

3. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 12r (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB):

„12s. **32003 R 2032**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2032/2003 frá 4. nóvember 2003 um annan áfanga 10 ára vinnuáætlunarinnar, sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB um markaðssetningu sæfiefna, og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1896/2000 (Stjtið. ESB L 307, 24.11.2003, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2032/2003 og tilskipana 2003/112/EB og 2003/119/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.